



FIARÐABYGGÐ

Ársreikningur Fjarðabyggðar 2011
Fyrri umræða í bæjarstjórn
12. apríl 2012

Ársreikningur Fjarðabyggðar fyrir árið 2011, áritaður af bæjarráði og bæjarstjóra, er hér með tekinn til fyrri umræðu í bæjarstjórn, eins og ný sveitarstjórnarlög kveða á um. Áformað er að ársreikningurinn verður afgreiddur við síðari umræðu í bæjarstjórn þann 26. apríl næstkomandi.

Ætlun mín hér í dag er að fara yfir helstu stærðir ársreiknings Fjarðabyggðar fyrir árið 2011 og nokkur atriði sem ég tel vert að fara yfir varðandi afgreiðslu reikningsins. Með mér hér í dag eru Björgvin Valdimarsson fjármálastjóri og Magnús Jónsson endurskoðandi hjá KPMG en þeir munu síðan báðir, ásamt mér, svara spurningum um ársreikninginn.

Rekstrarniðurstaða án afskrifta og fjármagnsliða hjá samstæðu A og B hluta var jákvæð sem nam 1.134 millj. kr. á árinu 2011. Þar af var rekstrarniðurstaða í A hluta 380 millj. kr. Góð framlegð var í rekstri samstæðu A og B hluta á árinu 2011 en svokölluð EBITDA framlegð nam 24,6%. Í A hluta nam EBITDA framlegðin 11,5%. Jákvæð rekstrarniðurstaða var á rekstri samstæðu sveitarfélagsins að fjárhæð 108 millj. kr. á árinu en rekstrarhalli var á rekstri A hluta að fjárhæð 296 millj. kr. Til samanburðar var rekstrarafgangur samstæðu 683 millj. kr. á árinu 2010 og rekstrarafgangur A hluta var 158 millj. kr. Skýringa, á lækkun rekstrarafkomu á milli ára, má einkum rekja til óhagstæðra áhrifa af þróun gengis og verðlags á árinu 2011. Þrátt fyrir lakari útkomu þróast rekstur í rétta átt í samræmi við hagræðingaraðgerðir sem að ráðist hefur verið í. Málefni fatlaðra voru flutt frá ríki til sveitarfélaga í byrjun árs 2011 og hafa þeir fjármunir sem fylgdu yfirfærslunni dugað til að mæta auknum rekstrarkostnaði hennar á árinu.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu 2011 námu 4.618 millj. kr., samkvæmt ársreikningi hjá samstæðu A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 3.319 millj. kr. Skatttekjur samstæðu sem samanstanda af útsvari, fasteignaskatti og framlögum jöfnunarsjóðs aukast um 187 millj. kr. frá fyrra ári. Hærri útsvarstekjur að fjárhæð 212 millj. kr. skýrast m.a. af áhrifum almennra kjarahækkana á vinnumarkaði, góðu gengi útflutningsgreina og atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu. Í framlögum jöfnunarsjóðs komu inn 54 millj. kr. vegna málefna fatlaðra í tengslum við yfirfærslu málaflokksins en á móti kemur að framlög vegna fasteignaskatts, útgjaldajöfnunar og grunnskóla lækka á milli ára en samtals lækka framlög jöfnunarsjóðs um 62 millj. kr. á milli ára. Aukning í fasteignasköttum og lóðarleigu nema 38 millj. kr. frá árinu 2010. Aðrar rekstrartekjur jukust um 77 millj. kr. frá fyrra ári hjá samstæðu, en lækkuðu um 36 millj. kr. í A hluta. Aukning í öðrum rekstrartekjum hjá samstæðunni skýrist að stærstum hluta af auknum tekjum hafnarsjóðs, en lækkun í A hluta af minni söluhagnaði fastafjármuna.



FIARDABYGGÐ

Rekstrarkostnaður ársins 2011, fyrir utan afskriftir, þ.e. laun, launatengd gjöld og annar rekstrarkostnaður nam alls 3.484 millj. kr. í samstæðu A og B hluta og 2.939 millj. kr. í A hluta.

Laun og launatengd gjöld, í samstæðu A og B hluta, námu samtals 2.080 millj. kr. og hækka um 140 millj. kr. á milli ára. Af þessari hækkun nam breyting lífeyrisskuldbindingar 52 millj. kr. Fyrir utan gjaldfærslu vegna hækkunar lífeyrisskuldbindingar hækka laun og launatengd gjöld um 87 millj. kr. á milli ára, en þar af nemur hækkun orlofsskuldbindingar 16 millj. kr. Við endurskoðun fjárhagsáætlunar fyrir árið 2011 var gert ráð fyrir að áhrif kjarahækkana til hækkunar á launaliðum næmu um 77 millj. kr. Í A hluta er hækkun launaliða 111 millj. kr. en 65 millj. kr. án breytingar lífeyrisskuldbindingar. Áhrif kjarahækkana í A hluta hafa verið metin um 73 millj. kr. Að teknu tilliti til áhrifa kjarahækkana og lífeyrisskuldbindingar lækkar launakostnaður í A hluta um 8 millj. kr. á milli ára.

Í árslok 2011 störfuðu 504 starfsmenn hjá sveitarfélaginu í 325 stöðugildum samanbórið við 464 starfsmenn í 335 stöðugildum í ársbyrjun.

Annar rekstrarkostnaður lækkar um 143 millj. kr. eða um 11,4% á milli ára í samstæðu A og B hluta. Í A hluta er hækkunin 7,3% eða um 69 millj. kr. Þar af er kostnaðarhækkun vegna yfirfærslu málefna fatlaðra 51 millj. kr. Hækkun vísitölu neysluverðs nam 4,0% frá meðaltali vísitölunnar 2010 til meðaltals 2011. Að teknu tilliti til verðlagsþróunar á milli ára er kostnaðarhækkun í A hluta 29 millj. kr. og í A og B hluta 87 millj. kr. Að teknu tilliti til málefna fatlaðra er hækkun annars rekstrarkostnaðar 2,1% undir hækkun vísitölu neysluverðs eða sem nemur 20 millj. kr.

Af ofangreindu má ráða að náðst hefur árangur í því að halda aftur af rekstrarkostnaði hjá sveitarfélaginu þrátt fyrir óhagstæða gengis- og verðlagsþróun og hækkun launa vegna nýrra kjarasamninga.

Afskriftir í A hluta námu 213 millj. kr. á árinu 2011 samanbórið við 212 millj. kr. á fyrra ári. Hjá samstæðu A og B hluta eru afskriftir ársins 381 millj. kr. samanbórið við 383 millj. kr. á árinu 2010.

Hrein fjármagnsgjöld námu 641 millj. kr. hjá samstæðu A og B hluta samanbórið við 126 millj. kr. árið áður. Hjá A hluta eru hrein fjármagnsgjöld 463 millj. kr. samanbórið við 38 millj. kr. á árinu 2010. Heildarvaxtagjöld samstæðu A og B hluta (greiddir og áfallnir vextir) voru 389 millj. kr. samanbórið við 328 millj. kr. árið áður. Reiknaður gengismunur samstæðu er jákvæður um 41 millj. kr. en þar af eru 147 millj. kr. tekjufærsla vegna höfuðstólslækkunar samhliða breytingu lána í erlendum myntum yfir í íslenskar krónur. Verðbótagjöld hjá samstæðunni námu 319 millj. kr. samanbórið við 176 millj. kr. árið 2010. Vísitala neysluverðs til verðtryggingar hækkaði um 5,2% á árinu 2011 samanbórið við 2,6% hækkun árið áður.



FIARDABYGGÐ

	Raun '10	Raun '11	Áætl. '11
A-hluti			
vaxtagjöld	281.207	323.552	326.267
verðbætur	115.899	180.921	107.481
gengismunur	-269.934	78.578	0
vaxtatekjur	-25.278	-29.197	-39.596
Arður af eignarhlutum	0	-20	0
Niðurfærsla eignarhluta í félögum	0	10.000	0
Vextir frá eigin fyrirtækjum	-64.054	-33.818	-28.611
Höfuðstólslækkun	0	-67.070	0
	<u>37.840</u>	<u>462.946</u>	<u>365.541</u>
Samstæða			
Vaxtagjöld	327.973	388.663	415.728
Verðbætur	175.689	319.054	161.218
Gengismunur	-346.780	105.854	0
Vaxtatekjur	-30.212	-35.362	-40.775
Arður af eignarhlutum	-180	-380	0
Niðurfærsla eignarhluta í félögum	0	10.000	0
Höfuðstólslækkun	0	-147.269	0
	<u>126.490</u>	<u>640.560</u>	<u>536.171</u>

Eignir sveitarfélagsins eru 11.038 millj. kr. í lok árs 2011 en voru 11.159 millj. kr. í ársbyrjun. Fastafjármunir samstæðu A og B hluta eru 9.632 millj. kr. í árslok 2011 og veltufjármunir samtals 1.406 millj. kr. Vegna endurmats lóða og lendna í samræmi við álit reikningsskilanefndar sveitarfélaga nr. 2/2010 voru á árinu færðar 233 millj. kr. til lækkunar á fastafjármuni og eigið fé. Breytingin skýrist af endurmati vegna breytingu á álagningarhlutföllum lóðarleigu í árslok 2010.

Handbært fé er 845 millj. kr. í lok árs hjá samstæðunni en var 585 millj. kr. í ársbyrjun. Eignarhlutar í félögum nema 556 millj. kr. í árslok 2011. Hæstu einstöku eignarhlutir eru í Lánasjóði sveitarfélaga 265 millj. kr. og í Sparisjóði Norðfjarðar 140 millj. kr. Óbein niðurfærsla eignarhluta í félögum nam 21 millj. kr. í árslok 2011.

Eigið fé í samstæðu A og B hluta er jákvætt um 11 millj. kr. en neikvætt í A hluta um 959 millj. kr. Til samanburðar var eigið fé samstæðu 136 millj. kr. í ársbyrjun og neikvætt um 430 millj. kr. í A hluta. Breyting á eigin fé innan ársins skýrist af rekstrarniðurstöðu ársins og endurmati lóða og lendna.

Lífeyrisskuldbinding samstæðu A og B hluta er 1.566 millj. kr. í árslok og langtímaskuldir 8.398 millj. kr. Af langtímaskuldum eru 1.985 millj. kr. leiguskuldir og 6.412 millj. kr. langtímaskuldir við lánastofnanir. Að teknu tilliti til næsta árs afborgana langtímaskulda lækka langtímaskuldir við lánastofnanir um 246 millj. kr. á milli ára. Skammtímaskuldir hjá samstæðu eru samtals 1.062 millj. kr. og þar af eru 450 millj. kr. næsta árs afborgun langtímaskulda og 56 millj. kr. reiknuð afborgun leiguskulda. Hlutfall skulda og skuldbindinga af heildartekjum er 239% samanborið við 253% í ársbyrjun. Að teknu tilliti til handbærs fjár er hlutfallið 221% samanborið við 240% í ársbyrjun.



FIARÐABYGGÐ

Í sjóðstreymisýfirliti sést að veltufé frá rekstri nemur 933 millj. kr. hjá samstæðu og 271 millj. kr. hjá A hluta. Mikilvægt er að þessi stærð sé jákvæð, um sem nemur a.m.k. afborgunum lána og fjárfestinga, nema þær séu fjármagnaðar með lánum og greitt af til lengri tíma. Mikið veltufé frá rekstri hjá samstæðu A og B hluta sýnir einna best þann góða fjárhagslega styrk sem sveitarfélagið býr yfir til að takast á við skuldbindingar sínar. Að teknu tilliti til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum, fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfinga skilar veltufé frá rekstri 260 millj. kr. til hækkunar á handbæru fé hjá samstæðu.

Veltufé frá rekstri í A hluta, að viðbættum greiðslum vegna langtímakrafna sveitarsjóðs, dugur ekki til að mæta ústreymi vegna fjárfestinga og afborgana langtímalána og leiguskulda, en upp á vantar 30 millj. kr. til að standa undir afborgunum og 155 millj. kr. að teknu tilliti til fjárfestinga ársins. Að hluta til var þessum halla mætt með lántöku frá Ofanflóðasjóði að fjarhæð 30 millj. kr.

Í A hluta nam handbært fé frá rekstri 334 millj. kr. samanborið við 307 millj. kr. á árinu 2010. Afborgarnir lána í A og B hluta voru 468 millj. kr. og 320 millj. kr. í A hluta. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum voru 126 millj. kr. í A hluta og 270 millj. kr. í samstæðu A og B hluta.

Helstu fjárfestingar á árinu eru vegna hafnarmannvirkja, snjóflóðamannvirkja á Norðfirði og nýs hjúkrunarheimilis á Eskifirði.

Í ársreikningi Fjarðabyggðar 2011 kemur vel fram styrkur Fjarðabyggðar en miðað við þann áhuga sem er á frekari atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu er ekkert sem bendir til annars en að tekjugrunnur sveitarfélagsins haldi áfram að eflast og styrkjast líkt og lagt var upp með þegar ársreikningur 2010 var lagður fram. Skuldsetning sveitarfélagsins er engu að síður yfir ásættanlegum viðmiðunum og vinna þarf áfram að rekstrarlegri hagræðingu en sterkur tekjugrunnur, sem mótast meðal annars af sterkum atvinnugreinum í sjávarútvegi, áliðnaði og þjónustu, gefur tóninn um að sveitarfélagið Fjarðabyggð er og verður áfram eitt af sterkustu sveitarfélögum landsins.

Páll Björgvin Guðmundsson

Bæjarstjóri Fjarðabyggðar